

**Sp. 137. Tillaga til þingsályktunar [124. mál]**

um bann við hönnun og framleiðslu hergagna eða hluta þeirra hér á landi.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að lýsa yfir andstöðu við hugmyndir um að íslenskt hugvit verði nýtt til hátækniðnaðar sem tengist vígbúnaði þannig að Íslendingar gerist þátttakendur í þeim gereyðingaráformum sem vopnaframleiðslu fylgja.

Alþingi ályktar að lýsa yfir því að á Íslandi verði ekki smíðuð kjarnorkuvopn eða svonefnd varnavopn gegn þeim,

- að hérlendis verði hvorki hönnuð né smíðuð nein þau tæki sem eru hluti af kjarnorkuvopnaútbúnaði, kjarnorkuvopnakerfi eða svonefndu varnarkerfi gegn þeim,
- að á Íslandi verði hvorki reknar neinar þær rannsóknir sem tengjast hönnun, samsetningu eða smíði kjarnorkuvopna né heldur svonefndra varnavopna gegn þeim.

**Greinargerð.**

Í nóvember 1983 skipaði félagsmálaráðherra starfshóp til að kanna áhrif nýrrar tækni á íslenska atvinnuvegi í næstu framtíð. Starfshópurinn skilaði áfangaskýrslu sumarið 1984 en afhenti félagsmálaráðherra skýrslu um niðurstöður sínar 15. maí 1985. Á haustdögum var þessari skýrslu dreift, m.a. til alþingismanna, og hún varð tilefni viðtala í ríkisfjölmiðlum. Í þeim komu fram hugmyndir um að nýta hernaðarlega legu landsins og varnarsamninginn við Bandaríkin til þess að fara fram á hlutdeild Íslendinga í þeim hátækniðnaði sem varnarliðið notar.

Vaxandi fjöldi þjóða tekur nú beint eða óbeint þátt í vopnaframleiðslu. Háþróaður tækniðnaður gegnir lykilhlutverki í vopnakerfum nútímans og má framleiða hluta úr vopnum eða stoðbúnaði þeirra víðs vegar um heim þótt samsetning fari síðan endanlega fram í því landi sem vopnin á.

Áætlað er að á árinu 1985 verði varið 800—1000 milljörðum dollara til vígbúnaðar. Það er þúsundföld upphæð íslenskra fjárlaga næsta árs. Þessi vígbúnaður er óþarfur vegna þess að stórveldin og bandamenn þeirra — sem eru langstærstu vopnaframleiðendurnir — hafa þegar safnað vopnabirgðum langt umfram varnarþörf sína.

Það virðist ekki öllum nægilega ljóst hve skaðvænlegar pólitískar og efnahagslegar afleiðingar hljóttast af vaxandi kostnaði við vígbúnaðarkapphlaupið en hernaðar- og gróðahyggja gagnsýrir pólitíska hugsun um víða veröld í allt of ríkum mæli.

Það fé, sem eytt er til vígbúnaðar árlega, jafngildir þjóðarframleiðslu allra þeirra landa þar sem fátækari helmingur jarðarbúa býr. Árleg eyðsla heimsins til vígbúnaðar jafngildir allri skuld hinna fátækari þjóða við hinar efnaðri en vaxtagreiðslur af þessum skuldum eru að kyrkja efnahagslíf margra fátækra þjóða. Ef 10% af því fé, sem eytt er til vígbúnaðar árlega, yrði varið til að grynna á þessum skuldum mundu þær hverfa á innan við 20 árum.

Um tveir milljarðar manna eiga ekki kost á hreinu drykkjarvatni en mengað drykkjarvatn veldur m.a. þarmasýkingu og niðurgangi sem er tíðasta dánarorsök ungbarna í heiminum. Er talið að tugir milljóna barna látist af þessum sökum árlega.

Útgjöld þau, sem til vígbúnaðar er varið í hálfan dag, mundu nægja til að greiða fyrir bólusetningar allra barna heimsins gegn algengum smitsjúkdómum.

Sex mánaða vígbúnaðarkostnaður dygði til að hrinda í framkvæmd 20 ára áætlun sem sjá mundi öllum þróunarlöndum fyrir nauðsynlegri fæðu og heilsugæslu.

Samt eyða hin efnaðri lönd heimsins meira en 200 sinnum meira fé til vígbúnaðar en til þróunaraðstoðar.

En það er ekki einungis fjármagn sem sólundað er í vígbúnað. Margir af afkastamestu vísindamönnum og tæknifræðingum heimsins vinna að rannsóknum, hönnun og framleiðslu vígbúnaðar fremur en að því að bæta lífsgæði og heilbrigði jarðarbúa. Það er áætlað að einn af hverjum fimm vísindamönnum og tæknifræðingum vinni að vígbúnaði. Þetta er ófyrirgefanleg sóun á hugviti.

A þessari öld hefur mönnum orðið það æ ljósara að þjóðir heimsins mynda eina heild. Vígbúnaðarkapphlaupið, mannréttindabrot og gegndarlaus peningahyggja, sem hvarvetna spillir friði, hamingju og framtíð mannkynsins, eru ógn öllu mannkyni.

Íslendingar hafa um langan aldur verið fyrst og fremst matvælaframleiðendur og hafa aldrei borið vopn á aðrar þjóðir. Tillaga þessi er flutt vegna þess að nýlega hafa komið fram hugmyndir um að Íslendingar selji hugvit sitt í þágu vígbúnaðar og gerist þar með þátttakendur í þeim gereyðingaráformum sem vopnaframleiðslu fylgja.

Flutningsmenn lýsa yfir andstöðu við slíkar hugmyndir og vísa jafnframt til þingsályktunartillögu um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum sem samþykkt var á Alþingi vorið 1985.